

Akraneskaupstaður
Stilholti 16-18
300 Akranes

Reykjavík 7. nóvember 2018
UST201810-217/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag Akraness 2005 - 2017 – Flóahverfi - Breyting

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarssviðs Akraneskaupstaðar er barst 23. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að aðal- og deiliskipulagsbreytingu á Flóahverfi á Akranesi.

Í lýsingu kemur fram að breytingin mun felast stækkun hverfisins þar sem landnotkunarreitir A11 er stækkaður til suðausturs um 3,5 hektara og breytingu á skjólbeltum umhverfis svæðið. Auk þess kemur fram að ekki verður um að ræða grundvallarbreytingu á landnotkun.

Í lýsingu kemur einnig fram að unnið sé að endurskoðun deiliskipulagsins þar sem stefnt er m.a. að því að gatnakerfi verði nýtt betur og gert ráð fyrir minni lóðum en nú er, en ef þörf verður fyrir stórar athafnalóðir þá verða set inn ákvæði um mögulega á sameiningu lóða.

Umhverfisstofnun telur að svæðin sem hér um ræðir liggja á votlendissvæði samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (<https://serstokvernd.ni.is/>) og falli því undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um sérstaka vernd.

Þetta kemur ekki fram í lýsingunni. Þá er þar ekki fjallað um aðra mögulega valkosti við val á svæði eða ástæður þess að umrætt svæði varð fyrir valinu.

Það athugast að í 3. mgr. 61. gr. er kveðið afdráttarlaust á um það hvað vernd skv. 1. mgr. og 2. mgr. ákvæðisins felur í sér og er þar mælt fyrir um bann við röskun þeirra náttúrufrýrbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.



**UMHVERFIS
STOFNUN**

Umhverfisstofnun leggst því gegn fyrirhugaðri uppbyggingu í votlendinu eins og lagt er fram í lýsingunni og leggur til að aðrir kostir verði skoðaðir fyrir ofangreinda starfsemi þegar skipulagstillagan er lögð fram.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

Agnar Bragi Bragason
Teymistjóri